

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum.

Starfsleyfisskilyrði fyrir niðurrif á bifreiðum og þungavinnuvélum

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfisskilyrðin ná yfir niðurrif á stökum bifreiðum eða þungavinnuvélum innan almennra bifreiðaverkstæða eða verkstæða fyrir þungavinnutæki.
- 1.2 Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.

2. Ásýnd lóðar og lóðarmörk

- 2.1 Bifreið eða þungavinnutæki sem bíður niðurrifs skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði fyrirtækisins. Tryggt skal að tækið sé ekki til lýta og engin mengunar- eða slyshætta stafi af henni.
- 2.2 Óheimilt er að geyma hálf niðurrifið tæki á lóð nema í skamman tíma og þá á sérstaklega samþykktu geymslusvæði á lóð.

3. Mengunarvarnir

- 3.1 Niðurrif á bílum, þungavinnuvélum o.þ.h. hlutum skal fara fram innandyra nema utandyra sé til staðar samþykkt aðstaða.
- 3.2 Hafa skal fráveitulögn tengda olúskilju frá svæðum, þar sem tæki eru þrífín og niðurrif fer fram. Stærð, gerð og staðsetning gildru skal ákveðin í samráði við heilbrigðiseftirlit og byggingafulltrúa.